

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Grunntónfræði G1 - númer

Vorönn 2024

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur:

Hæfniprep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Námsmarkmið:

Haldið áfram með nótnaritun frá haustönninni og og farið vel í stefnu nótnahálsa og ritun fána og bjálka ásamt áttundaheitum í fjórum áttundum. Ennfremur kenndar hagnýtar aðferðir við tileinka sér hækkanir og lækkanir í dúrtónstigum með allt að 3 formerkjum í G- og F-lykli, og rita þá niður ásamt mollum með allt að einu formerki. Þá er farið í helstu venjur varðandi hrynritun, tónflutning einfaldra laglínubrota um eitt skref og rúml. 20 algengustu tákni og ítölsk orð. Í tónheyrninni er fetuð áfram áður mörkuð braut með þjálfun í einföldum söng- og hrynlestri og greiningu eftir heyrn á tónbilum, einföldum lag- og hryndæmum, aðgengilegum lagformum, og blæ algengustu hljóðfæra.

Þekking:

Nemandi sé vel að sér grunnatriðum í nótnaritun. Hann þekki nótur í G- og F-lykli óbreyttar og breyttar með áttundaheitum. Hann þekki dúrtónstiga með allt að þremur formerkjum og molltónstiga með allt að einu formerki. Hann kunni skil á grunnatriðum tónflutnings og helstu táknum og og ítölskum tónlistarorðum. Hann geti greint flest tónbil innan áttundar eftir heyrn, þekki hljómborðið og hvernig einfaldur taktur sem getur verið með punkeruðu slagi ellegar tví- eða fjórjafndeildu slagi er lesinn og ritaður niður. Og hvernig einföld melódía upp að 5und er sungin eða skráð og skilji einfalda formgreiningu og þekki blæ algengustu hljóðfæra efir heyrn.

Leikni:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skrá og þekkja nótur í F- og G- lykli með nafni, dúrtónstiga með allt að 3 formerkjum og moll-tónstiga með allt að einu. Hann hafi öðlast færni í að hrynlesa og skrá niður einfaldan takt svo sem sem lýst er hér að ofan, syngja einföld stef og greina algengustu tónbil eftir heyrn. Þá öðlist hann leikni í að nýta aukna þekkingu sína í nótnalestri í hljóðfæraleik og söng og virkja tengsl tónfræðiþekkingar við tónlistariðkun hverskonar.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt ýmissi tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Að loknum áfanganum er hann hæfur til að halda áfram í frekara tónfræðinám í G2.

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námshöggn:

Nótnaskrifbók og ýmis verkefni og glósur frá kennara.

Námsmat:

| Námsmatsþáttur | Vægi |
|---|------|
| Vinnubók þ.m.t. ýmis tónheyrnarverkefni | 80 % |
| Sönglestur | 10 % |
| Hrynlestur | 10 % |

Námsáætlun:

| Vikur | Viðfangsefni | Verkefni |
|------------------------------------|--|----------|
| 1. vika (3. – 5. jan 2024) | Þjálfun í að þekkja og skrá nótur, óbreyttar og breyttar, í G- og F-lykli. Greining tónbila eftir heyrn æfð sem og söng- og hrynlestur. | |
| 2. vika (8. – 12. jan. 2024) | Þjálfun í að þekkja og skrá nótur, óbreyttar og breyttar með áttundaheitum, í G- og F-lykli. Skráning nótna inn á hljómborð æfð. Ýmsar tónheyrnaræfingar | |
| 3. vika (15. – 19. jan 2024) | Skrift nótna þjálfuð og háttalag varðandi stefnu og niðurskrif nótnahálsa, fána og þjálka rifjað upp og æfingar unnar þar að lútandi. Einfalt og stutt laglínu- og hryndiktat og fleiri tónheyrnaræfingar. | |
| 4. vika (22. – 26. jan 2024) | Aðferðir við að finna og skrá formerki dúra með allt að 3 formerkjum skoðaðar og æfingar í því unnar. Söng- og hrynlestur og diktat. | |
| 5. vika (29. jan – 2. feb 2024) | Aðferðir við að finna og skrá formerki dúra með allt að 3 formerkjum skoðaðar og æfingar í því unnar. Algeng ítölsk orð skoðuð. | |
| 6. vika (5. – 9. feb 2024) | 5-6 algeng hljóðfæri kynnt og tónn þeirra. Nemendur reyna að þekkja tón þeirra eftir heyrn. Dúrar rifjaðir upp og niðurskrift þeirra G- og F-lykli æfð. | |
| 7. vika (12. – 16. feb 2024) | Hnykkt að aðferðum við að finna formerki í dúrum. Niðurskrift dúra með allt að 3 formerkjum æfð. Ýmsar tónheyrnaræfingar í rökréttu framhaldi af fyrri æfingum. | |

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

| | | |
|---------------------------------------|---|------|
| 8. vika (19. – 23. feb 2024) | Hrynjandi rifjuð upp í takttegundunum 2/4, 3/4 og 4/4. Bætt inn taktvísum, taktstrikum, nótum eða þögnum í ýmsum verkefnum. Hrynlestur þjálfaður Hrynupprit þjálfað Tónbil greind eftir heyrn. | |
| 9. vika (26. feb.– 1. mars 2024) | Niðurskrift dúra með allt að 3 formerkjum æfð í G- og F-lykli. Tónflutningur upp eða niður um eitt skref útskýrður og æfður. Ýmsar tónheyrnaræfingar í rökréttu framhaldi af fyrri æfingum. | |
| 10. vika (4. – 8. mars 2024) | Upprifjun á ýmsum atriðum sem áður hafa verið útskýrð, unnin og þjálfað. | |
| 11. vika (11. – 15. mars 2024) | Niðurskrift molla með allt að 1 formerki æfð og útskýrð í G- og F-lykli. Hnykkt á ýmsum atriðum sem áður hafa verið skoðuð og æfð ekki síst varðandi tónheyrn. | |
| 12. vika (18. – 22. mars 2024) | Sýnispróf skoðað og unnið Einfaldar laglínur sungnar og einföld taktdæmi hrynlesin | |
| 13. vika (25. – 29 mars. 2024) | Páskafri | |
| 14. vika (2. – 5. apríl 2024) | Annað sýnispróf skoðað og unnið Einfaldar laglínur sungnar og einföld taktdæmi hrynlesin | |
| 15. vika (8. – 12. apríl 2024) | Upprifjun á ýmsum atriðum sem áður hafa verið útskýrð, unnin og þjálfað. | |
| 16. vika (15. – 19. apríl 2024) | Skráning dúra með allt að 3 formerkjum æfð sem og molla með allt að einu formerki. Tónflutningur upp eða niður um eitt skref æfður og ýmis önnur atriði. | |
| 18. vika (22. – 26. apríl 2024) | Upprifjun á ýmsum atriðum sem áður hafa verið útskýrð, unnin og þjálfað. | |
| 19. vika (29. apríl – 3. maí 2024) | Próf úr efni vorannar | Próf |